

Áveitan

1. tbl. 8. árgangur. Janúar 2014

Aldursflokkamót 11-14 ára og unglíngamót 15-22 ára

Aldursflokkamót 11-14 ára og unglíngamót 15-22 ára í frjálsum íþróttum fer fram 18. janúar í Frjálsíþróttahöllinni í Laugardal. Keppni hefst kl 12:30 og stendur til c.a. 17:00. Þjótandi stefnir á að senda öflugt lið af sprækum krökkum til leiks og ef einhver hefur áhuga á því að keppa þá er hægt að hafa samband við Örvar Þjálfara á æfingu eða við Guðmundu á netfangið gudmunda89@gmail.com fyrir fimmtudagskvöldið 16. janúar.

Keppnisgreinar eru:

11-12 ára: 60m hlaup, langstökk, hástökk, kúluvarp, 800m hlaup.

13-14 ára: 60m hlaup, langstökk, hástökk, kúluvarp, 800m hlaup, 60m grindahlaup.

Allir flokkar á unglíngamótinu: 60m hlaup, 60m grindahlaup, langstökk, hástökk, kúluvarp, 800m hlaup.

Allt stefnir í að það verði svo margir þátttakendur frá Þjótanda að hægt verði að fara til Reykjavíkur með rútu og gera eitthvað skemmtilegt saman eftir mót svo við hvetjum alla til að taka þátt. Jafnframt minnum við á að allir keppendur eiga að keppa í Þjótandabol en þeir kosta 1500kr og hægt er að panta bol um leið og keppandi er skráður á mótíð.

Áfram Þjótandi!



Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélagin Baldur, Samhygd og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason

Stefán Geirsson

Fanney Ólafsdóttir

ballroq@hotmail.com

stegeir@hotmail.com

fanneyo@emax.is

Frá sveitarstjóra

Ég sendi ykkur mínar bestu óskir um gleðilegt nýtt ár og þakkir fyrir gott samstarf á árinu sem er að líða og megi nýtt ár verða ykkur öllum farsælt. Það sem stendur hæst þegar árið 2013 er skoðað eru málefni leikskólans Krakkaborgar. Töluverð umræða var um staðsetningu leikskólans og vinna var lögð í að skoða kosti þess og galla að annars vegar hafa leikskólann áfram í Þingborg og hins vegar að færa hann í Villingaholtið. Ráðgjafar voru fengnir til að gera álitgerð um hvar starfsaðstöðu leikskólans væri best fyrir komið og haldinn var íbúafundur um málið. Gerð var skoðanakönnun meðal íbúa samhliða alþingiskosningum sem fram fóru s.l. vor og var meirihluti íbúa hlynntur því að leikskólinn yrði áfram í Þingborg. Það var svo endanlega samþykkt af sveitarstjórn í desember að byggja leikskólann upp í Þingborg, fara í viðhaldsvinnu við eldra húsnæði og byggja við það nýtt húsnæði fyrir tvær deildir.

Eins og kunnugt er kom í ljós að myglusveppur er í húsnæði leikskólans og talið var að ekki væri forsvaranlegt að hafa börnin þar áfram. Því var tekin ákvörðun um að flytja börnin í annað húsnæði til bráðabirgða og er leikskólinn nú rekinn í viðbyggingu 2 í Flóaskóla og í húsnæðinu Skólatúni við Flóaskóla þar til hreinsun og nýframkvæmdum er lokið. Reiknað er með að leikskólinn flytji aftur í Þingborg seinnipart árs 2014.

Þessa dagana er verið hreinsa húsnæði leikskólans í Þingborg. Öll gólfefni verða fjarlægð ásamt innihurðum og sólbekkjum og húsið hreinsað samkvæmt fyrirmælum og eftirliti Húss og heilsu en það fyrirtæki hefur sérhæft sig í meðferð og hreinsun myglusvepps.

Sveitarstjórn hefur einnig samþykkt að skoða hagkvæmni þess að hafa sameiginlegan stjórnanda fyrir leik- og grunnskóla Flóahrepps og ekki liggur fyrir ákvörðun í því máli þegar þetta er skrifað.

Í byrjun árs 2014 tekur samstarfssamningur um sameiginlega skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfna gildi en að því samstarfi standa Sveitarfélagið Ölfus, Hveragerðisbær, Grímsness og Grafningshreppur, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Flóahreppur.

Um er að ræða eitt svæði sem sér um sérfræðiþjónustu fyrir skóla- og velferðarþjónustu með sameiginlega skóla- og velferðarnefnd. Sameiginlegur yfirmaður verður yfir þjónustunni. Skólaþjónustan starfar á einu starfssvæði en með þrjár starfsstöðvar, í Þorlákshöfn, Hveragerði og á Borg í

Grímsnesi. Félagsþjónustan er með þrjú starfssvæði, Þorlákshöfn, Hveragerði, Uppsveitir Árnessýslu og Flóahrepps. Til að sinna málefnum skólaþjónustunnar hefur nú verið gengið frá ráðningu tveggja kennsluráðgjafa auk eins sálfræðings.

Hinni nýju skóla- og velferðarþjónustu er ætlað að vinna á grundvelli heildarsýnar í málefnum einstaklinga og fjölskyldna og að stuðla að sjálfbærni skóla og stofnana aðildarsveitarfélaga þar sem áhersla er lögð á mikilvægi snemmtækra íhlutunar, fræðslu, forvarnir og þverfaglegt samstarf.

Markmið samstarfsins er að efla samstarf milli sveitarfélaganna á svæðinu á sviði skóla- og velferðarþjónustu, nýta tækifæri til að samþætta sérfræðiþjónustu fyrir skóla- og velferðarþjónustuna með það að markmiði að minnka faglega einangrun starfsmanna.

Yfirmaður skóla- og velferðarþjónustu er María Kristjánsdóttir. Hún er með aðsetur að Sunnumörk 2, Hveragerði og síma 483-4000, netfang

maria@hveragerdi.is

Félagsráðgjafi á starfssvæði Flóahrepps er Nanna Mjöll Atladóttir með aðsetur í Laugarási, Bláskógabyggð. Hún er með síma 480-1180 og netfangið

nanna@laugaras.is.

Fréttir frá sveitarstjórn og skrifstofu birtast í fréttablaðinu Áveitunni um hver mánaðarmót til að halda lesendum sem best upplýstum um það sem helst er á döfinni hverju sinni. Einnig eru fundargerðir, ýmsar fréttir og auglýsingar á heimasíðu sveitarfélagsins, www.floahreppur.is fyrir þau ykkur sem hafið tök á að nýta ykkur tölvutæknina. Ekki má svo gleyma því að Flóahreppur er á facebook, <https://www.facebook.com/Floahreppur>, þar sem reynt er að miðla öllum helstu fréttum og tilkynningum sem varða sveitarfélagið.

Íbúar eru hvattir til að senda upplýsingar um hvaðeina sem er á döfinni til að nota heimasíðuna sem upplýsingaveitu.

Það eina sem þarf að gera er að senda upplýsingar, fréttir og/eða auglýsingar til sveitarstjóra á netfangið floahreppur@floahreppur.is

Einnig má senda fréttir og upplýsingar um hvaðeina sem íbúum dettur í hug að eigi erindi til sveitunga en með því móti verður síðan meira lifandi.

Stjórnsýslan

Skrifstofa Flóahrepps er opin mánudaga til fimmtudaga frá kl. 9:00-16:00 og á föstudögum frá kl. 9:00 – 13:00.

Skiptiborð er opið virka daga frá kl. 9:00-13:00, sími 480-4370.

Heimasíða sveitarfélagsins er www.floahreppur.is

Netfang sveitarstjóra er floahreppur@floahreppur.is

Netfang oddvita er adalsteinn@floahreppur.is

Reglulegir fundir sveitarstjórnar eru 1. miðvikudag hvers mánaðar kl. 20:00, fundarstaður er á skrifstofunni í Þingborg. Fyrsti fundur ársins 2014 er þó haldinn 2. miðvikudag mánaðarins eða 8. janúar.

Erindi sem óskað er eftir að tekin verði fyrir á fundi sveitarstjórnar þurfa að berast fyrir hádegi á föstudögum fyrir fundardag.

Skipulags- og byggingarfulltrúaembætti uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps er að Dalbraut 12, 840 Laugarvatni.

Skiptiborð er opið alla virka daga frá kl. 9:00 til 12:00, sími 486-1145.

Byggingarfulltrúi er Helgi Kjartansson, helgi@sudurland.is

Skipulagsfulltrúi er Pétur Ingi Haraldsson, petur@sudurland.is

Fulltrúi Flóahrepps í skipulags- og byggingarnefnd er Aðalsteinn Sveinsson, oddviti Flóahrepps.

Heimasíða skipulags- og byggingarfulltrúa er: <http://www.granni.is/uppsveitirogfloahr/index.cfm?page=fors> þar sem meðal annars má sjá allar fundargerðir skipulags- og byggingarnefnda. Til að komast á síðuna er best að fara á síðu Flóahrepps, www.floahreppur.is og smella á hnapp hægra megin á síðunni sem merktur er embættinu.

Fræðslunefnd Flóahrepps heldur fundi einu sinni í mánuði. Formaður fræðslunefndar er Elín Höskuldsdóttir, elin@floahreppur.is.

Formaður atvinnu- og umhverfisnefndar er Árni Eiríksson, arni@floahreppur.is

Sími hjá hundafangara Flóahrepps, Ragnari Sigurjónssyni er 859-9559.

Sími hjá vaktmanni Vatnsveitu Flóahrepps er 862-6848.

Reglur um lækkun, niðurfellingu eða styrki vegna fasteignaskatts.

Reglur um lækkun, niðurfellingu eða styrki vegna fasteignaskatts í Flóahreppi hafa verið uppfærðar í samræmi við samþykktir.

Ellilífeyrisþegar og 75% öryrkjar eða meira sem búsettir eru í eigin íbúðarhúsnæði og eiga lögheimili í sveitarfélaginu geta fengið afslátt af fasteignaskatti af því húsnæði sem þeir eiga og búa í og ekki er nýtt af öðrum. Eingöngu er um lækkun af íbúðarhúsnæði að ræða.

Öryrkjar skulu skila inn til skrifstofu sveitarfélagsins skriflegri umsókn fyrir **1. febrúar** ár hvert ásamt staðfestu skattframtali næstliðins árs. Umsókn skal enn fremur fylgja vottorð um örorkumat.

Afsláttur til ellilífeyrisþega reiknast samkvæmt upplýsinum frá RSK.

Við ákvörðun lækunar eða niðurfellingar fasteignaskatta skulu notaðar eftirfarandi viðmiðunarreglur:

Uppfært í desember 2013

Viðmiðunartekjur eru heildartekjur, þ.e. tekjur sem mynda álagningarstofn tekjuskatts-, útsvars og fjármagnstekjuskatts eins og þessar tekjur voru á næsta ári á undan álagningarári. Viðmiðunarfjárhæðir skulu uppfærðar árlega með tilliti til breytinga á launavísitölu frá upphafi til loka þess tekjuárs sem miðað er við hverju sinni.

Umsóknir berist til skrifstofu Flóahrepps, Þingborg. Reglurnar í heild má nálgast á heimasíðu Flóahrepps, http://www.floahreppur.is/wp-content/uploads/2011/12/fasteignagiold_reglur_20131.pdf eða á skrifstofu sveitarfélagsins, Þingborg.

Frá Kvenfélagi Hraungerðishrepps

Nú ætlum við að byrja starfseminu á nýja árinu með því að hittast í herberginu okkar í Þingborg fimmtudaginn 9. janúar kl. 20:00. Þar hefjumst við handa við undirbúning basarsins sem fyrirhugaður er á komandi hausti. Hittumst hressar og kátar með fullt af hugmyndum í pokahorninu.

Fimmtudaginn 23. janúar kl. 20:00 kemur Kristín Stefánsdóttir í Þingborg og kennir okkur handtökin við Gamla krosssauminn (fléttusaumur). Hvetjum við alla sem langar til að kynna sér þetta handbragð að skrá sig til þátttöku í síma 691-7082 (Inga) fyrir 20. janúar. Inga veitir einnig nánari upplýsingar ef þörf er á.

Kvenfélag Hraungerðishrepps óskar sveitungum öllum gleði og farsældar á nýja árinu.

Bestu kveðjur, Stjórnin

Messa í Gaulverjabæjarkirkju sunnudaginn 26. janúar kl. 14:00.

EKKI MISSA AF BALLI ÁRSINS

Porraball í Félagslundi 1. febrúar 2014

Húsið opnar kl. 20:00

Borðhald hefst kl. 20:30.....

**með alíslenskum þorramat og flottum réttum
fyrir þá sem ekki þora í þorrann.**

Hljómsveitín KARMA sér um fjörið fram á nótt.

Snilldar skemmtiatriði og spennandi happdrættisvinningar.

Miðaverð aðeins 6.500 kr.

Fyrstur kemur fyrstur fær ☺

**Miðapantanir hjá Rúnu í Hólshúsum 482-1760 / 868-3259 og
Margréti í Partinum 486 6163 / 6986403**

VIP röð við innganginn fyrir þá sem greiða með reiðufé,
hægvirkur Posi fyrir hina.

Frá T-listanum

Senn líður að sveitarstjórnarkosningum 2014 og er undirbúningur hafinn hjá T-listanum. Við óskum eftir fólki til að taka þátt í starfinu sem framundan er, þ.e. að taka þátt í stefnumótun með það að markmiði að gera gott samfélag betra.

Í undirbúningsnefnd eru:

Almar Sigurðsson, Lambastöðum. Sími 777 0705.

Skeggi Gunnarsson, Skeggjastöðum. Sími 862 7583.

Þuríður Einarsdóttir, Oddgeirshólum. Sími 891 8884.

Við hvetjum áhugasama til að hafa samband við einhvern úr undirbúningsnefnd.

Afleysingar

Tek að mér afleysingar og ýmis verk fyrir bændur. Uppl. í síma 865-7001.

Einar Magnússon

Frá Umf. Samhygð

Aðalfundur Umf. Samhygðar

Aðalfundur Umf. Samhygðar verður haldinn í Félagslundi sunnudagskvöldið 26. janúar. Fundurinn hefst kl. 20:30 og eru á dagskrá hefðbundin aðalfundarstörf. Nýir félagar velkomnir. Vonumst eftir að sjá sem flesta félaga.

Glímuæfingar

Æfingar hefjast aftur að nýju þann 6. janúar og verða á sama tíma frá 16:30 til 17:30 á mánudögum fyrir alla krakka á grunnskólaaldri og á fimmtudagskvöldum fyrir eldri iðkendur frá 20:00 til 21:30. Nýir iðkendur velkomnir. Þjálfari er sem fyrr Stefán Geirsson.

Mót framundan:

25. janúar: Bikarglíma Íslands í Reykjavík.

5. febrúar: Grunnskólamót HSK í Reykholti

Messuhald í Hraungerðis-Laugardæla og Villingaholtskirkjum vorið 2014.

12. janúar: Barnamessa í Villingaholtskirkju kl. 13:30

16. febrúar: Messa í Hraungerðiskirkju kl. 13:30

9. mars: Messa í Villingaholtskirkju kl. 13:30

17. apríl, skírdagur: Messa í Laugardælakirkju kl. 13:30

20. apríl, páskadagur: Hátíðarmessa í Villingaholtskirkju kl. 11

21. apríl, annar í páskum: Hátíðarmessa í Hraungerðiskirkju kl. 11

Barnamessa á Fjör í Flóa í maí – nánar síðar um stað og tíma.

8. júní, hvítasunna: Fermingarmessa í Hraungerðiskirkju kl. 11.

9. júní, annar í hvítasunnu: Fermingarmessa í Villingaholtskirkju kl. 11.

9. júní, annar í hvítasunnu: Fermingarmessa kl. 13:30 í Laugardælakirkju

15. júní, trinitatis: Messa kl. 13:30 í Laugardælakirkju

Héraðsmót í frjálsum íþróttum

Héraðsmót HSK í frjálsum íþróttum fullorðinna fer fram kvöldin 13. og 20. janúar í Frjálsíþróttahöllinni í Laugardal. Keppni hefst kl 19:30 bæði kvöldin. Keppnisgreinar eru:

Dagur 1: 60m hlaup, hástökk, langstökk, kúluvarp, 800m hlaup.

Dagur 2: 60m grind, stangarstökk, þristökk, 1500m hlaup, 4x400m boðhlaup.

Ef einhver hefur áhuga á að keppa á mótinu þá er best að senda Guðmundu tölvupóst á netfangið gudmunda89@gmail.com fyrir laugardaginn 11. janúar. Gaman væri að sjá nokkra keppendur frá Þjótanda á mótinu og ég minni á að allir eiga að keppa í Þjótandabol á héraðsmótum.

Þess má geta að ungmennafélögin í Flóahreppi eiga að útvega starfsmenn til að starfa við hástökk á fyrri keppnisdegi og ef einhver vill leggja okkur hjálparhönd þá má sá hinn sami hafa samband við Guðmundu á ofangreint netfang eða í formann síns félags.

Frjálsar í Þingborg

Vegna mjög góðrar mætingar á frjálsíþróttæfingar ungmennafélaganna í Þingborg hefur hópnum nú verið skipt upp í tvennt. Æfingatímarnir eru nú þessir:

5.-6. bekkur, þriðjudagar kl. 17:30-18:30

7. bekkur og eldri, þriðjudagar kl. 18:30-20:00

Þjálfari er Örvar Rafn Hlíðdal.

Ungmennafélögin

Uppskeruhátíð Hrossaræktarfélaga Flóahrepps

Uppskeruhátíð Hrossaræktarfélaga Flóahrepps verður haldin föstudagskvöldið 21. febrúar 2014 að Ferðaþjónustunni Vatnsholti.

Dagskrá verður auglýst nánar í febrúarhefti Áveitunnar.

Takið kvöldið frá. Vonumst til að sjá sem flesta.

KVEÐJA

STJÓRNIR HROSSARÆKTARFÉLAGA FLÓAHREPPS.

Aðalfundarboð

Aðalfundur Hrossaræktarfélags Villingaholtshrepps verður haldin þriðjudaginn 4.feb. 2014 að Ferðapjónustunni Vatnsholti. Fundurinn hefst stundvíslega kl.21.00. með léttum kvöldverði í boði félagsins.

Á dagskrá fundarins eru venjuleg aðalfundarstörf.

Undir liðnum lagabreyting er tilлага á breytingu á 4.grein 5. málsgrein.

“ Fundur er lögmaður ef 1/3 -einn þriðji hluti- lögmaðra félagsmanna sækir hann.”

Tilaga að breytingu: Fundur er lögmaður ef 1 /4 – einn fjórði hluti-lögmaðra félagsmanna sækir hann.

4. grein laga fjallar um aðalfundarboð, stjórn telur rétt að breyta 4.grein því oft hefur verið tæpt að ná upp í tilskilinn fjölda mættra félagsmanna á aðalfund.

Nýir félagar velkomnir.

Stjórnin

Frá Umf. Baldri:

Þorablót

Hið sívinsæla og stórskemmtilega þorablót í Þingborg verður haldið laugardagskvöldið 8. febrúar 2014. ATHUGIÐ BREYTTA DAGSETNINGU Undirbúningur er kominn vel af stað og má búast við miklu fjöri að venju langt fram eftir nóttu. Það verður hljómsveit Gerimundar Valtýssonar sem mun spila fyrir dansi að lokinni hefðbundinni dagskrá. Allar nánari upplýsingar um hvernig panta á miða og fleira verða sendar út fljótlega í janúar. Einnig er hægt að fylgjast með nýjustu fréttum á facebook.

Árgjald Umf. Baldurs

Ágætu félagar. Minnt er á greiðslu félagsgjalda fyrir árið 2013. Allir félagsmenn 14 ára og eldri greiða árgjald kr. 1.000.- Ekki er innheimt árgjald af yngri félagsmönnum. Félagar eru beðnir um að greiða árgjaldið með millifærslu í heimabanka eða hafa samband við banka og biðja um millifærslu. Reikningur Umf. Baldurs er 0586-26-979 kt. 471077-0979. Tilgreina þarf nafn og kennitölu greiðanda. Nánari upplýsingar gefur gjaldkeri, Svanhvít Hermannsdóttir, s. 482-2911 eða heima@lambastadir.is

Frá Umf. Vöku:

Tiltekt í Þjórsárveri, seinni hluti

Nú stendur til að halda áfram frá því sem frá var horfið í nóvember og halda áfram að taka til í félagsheimilinu okkar Þjórsárveri. Hittast á sunnudagsmorguninn 12. janúar kl. 10:00. Nú verður klárað það sem eftir var í kjallaranum, tekið til í ölsölunni og uppi á sviði, einnig í skápunum uppi á lofti. Þeir sem vilja leggja verkinu lið eru beðnir að láta vita hjá formanni eða gjaldkera. Margar hendur vinna létt verk, þetta verður bara gaman.

Stjórnin

Fréttir af aðalfundi Umf. Vöku

Aðalfundur Umf. Vöku var haldinn í Þjórsárveri 2. janúar sl. Og voru 13 félagar mættir. Fundarstjóri var Þorsteinn Logi Einarsson og fundarritari Fanney Ólafsdóttir.

Farið var yfir skýrslu stjórnar og reikninga og þeir samþykktir. Helga B. Helgadóttir ritari gaf ekki kost á sér áfram og í hennar stað var Erla Björg Aðalsteinsdóttir kosin. Bjarni Már Ólafsson gaf ekki kost á sér áfram sem formaður Íþróttanefndar og var Guðrún Inga Helgadóttir kosin í hans stað. Stjórnin er þá þannig skipuð:

Formaður Guðmunda Ólafsdóttir

Gjaldkeri Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir

Ritari: Erla Björg Aðalsteinsdóttir

Formaður Íþróttanefndar Guðrún Inga Helgadóttir

Formaður skemmtinefndar Sveinn Orri Einarsson

Formaður ritnefndar Fanney Ólafsdóttir

Varastjórn Halldór Bjarnason, Bjarni Már Ólafsson og Þorsteinn Logi Einarsson

Endurskoðandi Kristján Gestsson

Varaendurskoðandi Bjarki Reynisson

Varafulltrúi á héraðsþing Halldór Bjarnason

Verðlaunaafhendinar:

Bikar fyrir besta afrek fullorðinna vann Haraldur Einarsson fyrir

60 m hlaup 7,08 sek sem gefur 918 stig.

Bikar fyrir besta afrek unglunga vann Dagur Fannar Einarsson fyrir 60 m hlaup 9,0 sek sem gefur 914 stig.

Starfsíþróttabikar Vöku hlaut Jón Valgeir Geirsson, sigurvegari í dráttarvélarakstri á Landsmóti UMFÍ í sumar.

Íþróttamaður ársins var kjörin Guðrún Inga Helgadóttir glímukona. Guðrún sem nú er komin í fullorðinsflokk sigraði fjölmörg glímumót á árinu. Hún var valin í landslið Íslands og keppti á Evrópumótinu í keltneskum fangbrögðum í apríl, og í lok árs var hún valin efnilegasta glímukona landsins af Glímusambandi Íslands.

Félagsmálabikarinn hlaut Helga Björg Helgadóttir fráfarandi ritari fyrir 8 ára setu í stjórn félagsins og virka þátttöku í leiklistarstarfi.

Undir liðnum önnur mál bar ýmislegt á góma, þrettándagleðin og önnur verkefni framundan. Árgjald félagsins var ákveðið 1000 kr eins og áður og 12 nýir gengu í félagið á árinu.

Úrslit af mótum í desember

Haraldur Einarsson:

Aðventumót Ármanns 7.des. 2013

60m hlaup 1.sæti 7,13 sek

3. Jólamót ÍR 21.des. 2013

60m hlaup 2.sæti 7,18 sek

300m hlaup 2.sæti 35,98 sek HSK met

Áramót Fjölnis 28.des. 2013

60m hlaup 1.sæti 7,22 sek

200m hlaup 2.sæti 22,90 sek HSK met

Bjarni Már Ólafsson

Aðventumót Ármanns 7.des.2013

60m hlaup 8.sæti 7,52 sek

Þrístökk 1. sæti 13,26m

Þorrablot í Þjórsárverri

Þorrablotið í Þjórsárverri verður laugardagskvöldið 1. febrúar 2014. Húsið opnar 20:30 og borðhald hefst kl. 21:00. Matur frá meistara Ole Olesen. Hin geysivinsæla hljómsveit "Strákarnir Mínir" sjá um að halda uppi fjöri á dansgólfinu fram eftir kvöldi.

Miðpantanir í síðastalagi þriðjudagskvöldið 28. janúar í síma 486-5590 eða 486-3344.

Fjölmennum og tókum með okkur gesti!

Nefndin.

Dagskrá mánaðarins

Frjársar í Þingborg	7. janúar
Glímuæfing eldri	9. janúar
Herbergiskvöld Kvenfélags Hraung.hr	9. janúar
Barnamessa í Villingaholtskirkju	12. janúar
Tiltekt í Þjórsárverri	12. janúar
Glímuæfing	13. janúar
Héraðsmót í frjálsum	13. janúar
Frjársar í Þingborg	14. janúar
Glímuæfing eldri	16. janúar
Aldursflokka- og unglingamót HSK	18. janúar
Glímuæfing	20. janúar
Héraðsmót í frjálsum	20. janúar
Frjársar í Þingborg	21. janúar
Glímuæfing eldri	23. janúar
Útsaumsnámskeið í Þingborg	23. janúar
Messa í Gaulverjabæjarkirkju	26. janúar
Aðalfundur Samhygðar	26. janúar
Glímuæfing	27. janúar
Frjársar í Þingborg	28. janúar
Glímuæfing eldri	30. janúar
Þorrablot í Félagslundi	1. febrúar
Þorrablot í Þjórsárverri	1. febrúar
Aðalfundur Hrossaræktarfélag Vill.	4. febrúar
Þorrablot í Þingborg	8. febrúar



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160